



LÚS – RÁÐ TIL FORELDRA

Vakin er athygli ykkar á því að lús hefur komið upp í skóla barnsins þíns

Allir geta fengið lús og lúsasmit er ekki merki um óþrifnað. Lúsin smitast nær eingöngu við beina snertingu. Það er sáralítill hættu á að smitast af umhverfinu en það er möguleiki að smitast af greiðum/burstum og höfuðfötum. Lús sem dottið hefur úr höfði verður fljótt löskuð og veikburða.

Leitið að lús hjá barni ykkar og öðru heimilisfólki í dag og næstu tvær vikur, samkvæmt eftirfarandi leiðbeiningum:

- 1. Skoðið hárið vel undir sterku ljósi, lúsin kann best við sig í hnakka, á hvirfli og aftan við eyru.** Egg/nitin eru eins og litlir hnúðar á hárinu. Nitin eru oft ljós, dökk eða silfurlit (tóm). Lúsin límir þau föst, þess vegna strjúkast þau ekki auðveldlega af hárinu. Það er tiltölulega auðvelt að sjá fullvaxna lús, hún er 2-3 mm að stærð, oft grá, dökk eða ljósbrún. Hins vegar getur verið mjög erfitt að finna þær lús sem eru nýkomar úr eggjunum, þær eru þínulitlar og hálfgegnsæjar.
- 2. Notið sérstaka lúsakamba sem fást í lyfjaverslunum. Til eru mismunandi tegundir af kömbum, t.d. sérstakir fyrir þykkt og sítt hár.**
 - Greiðið í gegnum hárið.
 - Setjið hármæringu í hárið og dreifið henni vel um hárið.
 - Byrjið að kamba með kambinum við hársvörðinn og kambið vel út í hárendana, gerið þetta yfir hvítu blaði, spegli eða vaski með vatni.
 - Sé hárið sítt eða þykkt er betra að skipta hárinu upp og kamba hvert svæði fyrir sig.
 - Eftir hverja kumbingu í gegnum hárið, er rétt að strjúka af kambinum með eldhúspappír til að tryggja að lús eða nit verði ekki eftir í kambinum.
- 3. Ef lús finnst í hári þarfnast það meðhöndlunar með sérstöku lúsameðali sem fæst án lyfseðils í lyfjaverslunum.**
 - Tilkynnið lúsasmitið til skólans.
 - Leitið að lús hjá öllum í fjölskyldunni, meðhöndlið **aðeins** þá sem eru með lús.
 - Fylgið leiðbeiningum um meðhöndlun **nákvæmlega**.
 - Endurtakið **alltaf** meðferðina með lúsameðalinu eftir 8 daga eða samkvæmt leiðbeiningum.
 - Ráðlagt er að kamba alla í fjölskyldunni daginn eftir meðferð (á 1. degi) til að athuga hvort meðferð hafi tekist. Ef lús finnst þarf að endurtaka meðferð strax.
 - Kamba þarf á fjögurra daga fresti næstu 2 vikur þ.e. á: **1. degi, 5. degi, 9. degi og 13. degi.**
 - Ekki er nauðsynlegt að þrífa heimili eða fatnað sérstaklega.
 - Ráðlegt er að meðhöndla bursta, greiður, kamba, hárskraut og húfur vegna möguleika á smiti.
 - Hella skal sjóðandi vatni yfir og láta liggja í bleyti í 10-15 mín. eða frysta í 4-6 klst.

Ef þið þurfið nánari upplýsingar, vinsamlega hafið samband við skólahjúkrunarfræðing.

Heimildir : Kim S. Larsen M.Sc & Ph.D.
Ása St. Atladóttir hjúkrunarfr. hjá Landlæknisembættinu